

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 91 ma.kr., sem er 118,1 ma.kr. lakari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust 37,4 ma.kr. minni en í fyrra meðan gjöldin jukust um 71,6 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júlí 2005-2009

	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	185 085	215 509	252 998	264 163	226 744
Greidd gjöld	180 985	178 257	203 826	237 062	308 636
Tekjujöfnuður	4 100	37 252	49 172	27 101	-81 892
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-6 136	- 53	-
Breyting viðskiptahreyfinga	496	- 752	-5 248	- 201	-9 342
Handbært fé frá rekstri	4 596	36 500	37 788	26 847	-91 234
Fjármunahreyfingar	11 206	-2 383	-60 165	8 603	9 986
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	15 802	34 116	-22 377	35 450	-81 248
Afborganir lána	-33 343	-35 088	-26 465	-37 941	-72 736
Innanlands	-14 000	-12 215	-12 266	-22 656	-72 736
Erlendis	-19 342	-22 873	-14 199	-15 285	-
Greiðslur til LSR og LH	-2 250	-2 310	-2 310	-2 310	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-19 790	-3 282	-51 152	-4 801	-153 984
Lántökur	13 305	19 735	43 292	103 376	144 011
Innanlands	8 956	12 262	40 171	77 775	136 585
Erlendis	4 349	7 473	3 121	25 601	7 425
Breyting á handbæru fé	-6 486	16 453	-7 860	98 575	9 973

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu sjö mánuðum ársins voru tæplega 227 ma.kr. sem er um 37 ma.kr. minni tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu tæplega 247 ma.kr. og er frávikið því 20 ma.kr. Munar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 197 ma.kr. sem endurspeglar 18,2% samdrátt að nafnvirði eða 30,6% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn milli ára jókst að raunvirði frá síðasta mánuði og er 31,1% þegar horft er til 4 mánaða meðaltals, eins og sjá má á myndinni. Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert frá sama tíma árið 2008 en þær voru nú tæplega 29 ma.kr. sem endurspeglar 37,7% hækkun að nafnvirði. Í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir tæpum 21 ma.kr. og er frávikið því 8 ma.kr. en þar skýra auknar vaxtatekjur meginmuninn.

Skattar á tekjur og hagnað námu rúmum 84 ma.kr. og drógust saman um 11,4% að nafnvirði frá fyrsta helmingi ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga rúmum 46 ma.kr. sem endurspeglar 13,6% samdrátt að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila var rúmlega 9 ma.kr. og dróst saman um 40,6% að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Fjármagnstekjuskattur nam tæpum 29 ma.kr. sem er aukning um 10,4% milli ára en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar. Innheimta eignarskatta var tæplega 3 ma.kr. sem er samdráttur um 43,4% frá fyrra ári en þar af voru stimpilgjöld stærsti hlutinn, eða tæplega tveir ma.kr. og drógust þau saman um 52,6%.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæplega 84 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 24,7% að nafnvirði á milli ára eða 36,2% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar litið er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára 27,1%, eins og sjá má á myndinni. Virðisaukaskattur nam rúmlega 56 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og dróst saman um 23 ma.kr. frá sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 29,1% að nafnvirði eða sem samsvarar 39,9% að raunvirði. Virðisaukaskattur í júlímánuði, sem kemur að mestu af innflutningi í maí og júní, nam rúmlega 5 ma.kr. sem er tæpum 9 ma.kr. lægri fjárhæð en í sama mánuði árið áður. Þetta frávik skýrist þó að hluta til vegna breyttra reglna um gjalddaga virðisaukaskattsins sem tóku gildi í mars síðastliðnum og gilda til ársloka. Samkvæmt þeim átti aðeins þriðjungur virðisaukaskatts fyrir tímabilið maí-júní að koma til greiðslu í júlí en hinir tveir þriðjungarnir í ágúst og september. Það virðast þó ekki allir hafa nýtt sér þessa frestun til fulls þar sem rúmur milljarður sem var á gjalddaga í ágúst og september var greiddur í júlí. Hvað aðra helstu liði veltutengdra skatta varðar er samdrátturinn milli ára mestur í vörugjöldum af ökutækjum eða 79,9%. Þá jukust vörugjöld af bensíni um 13,3% að nafnvirði á milli ára en olíugjald dróst saman um 9,8%. Gjöld á bensín og olíu voru hækkuð um 12,5% undir lok árs 2008 og hækkuð frekar í lok maí 2009. Hin ólíka þróun í innheimtu bensínjaldsins og olíugjaldsins og mikill samdráttur tekna af olíugjaldinu þrátt fyrir hækkun gjaldsins er til marks um að meira hefur dregið úr akstri olíuknúinna ökutækja en bensínknúinna. Í forsendum fjárlaga var reiknað með að olíunotkun drægist meira saman en bensínnotkun en samdráttur þeirrar fyrrnefndu hefur þó verið talsvert meiri en vænst var. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu tæpum 3 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum voru tæplega 22 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 28,4% og hins vegar 9,4% á milli ára.



Greidd gjöld nema 308,6 ma.kr. og hækka um 71,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 31%. Milli ára hækka útgjöld mest til almannatrygginga og velferðarmála um 28,6 ma.kr. sem skýrist að mestu með 13,5 ma.kr. hækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára, 8,3 ma.kr. hækkun á vaxtabótum, 3,5 ma.kr. hækkun á barnabótum og 1,1 ma.kr. hækkun á bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu um 23,9 ma.kr., þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 22,4 ma.kr. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 7,6 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld til sjúkratrygginga skýra 5,8 ma.kr. og útgjöld til Landspítala aukast um 890 ma.kr. Útgjöld til menntamála aukast um 2,7 ma.kr. þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um 1,1 ma.kr. milli ára og útgjöld til framhaldsskóla um 1,6 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála aukast um 2,7 ma.kr. og skýra framkvæmdir Vegagerðarinnar um 609 ma.kr. og Hafnarbótasjóður 950 ma.kr. Þá aukast útgjöld til Ábyrgðasjóðs launa um 572 ma.kr. á milli ára. Óregluleg útgjöld aukast um 2,2 ma.kr. milli ára sem skýrist með að mestu með greiddum fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sem eykst um 2 ma.kr. milli ára. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála aukast um 2,1 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld Landhelgisjóðs Íslands skýra hækkunina að langstærstu leyti. Breytingar í öðrum málaflokkum eru svo minni en þau sem áður hafa verið talin.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 154 ma.kr. í júlí á móti neikvæðum lánsfjárfjöfnuði 4,8 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 81,2 ma.kr. og lækkar um 116,7 ma.kr. milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 136,2 ma.kr. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeyjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Afborganir námu 72,7 ma.kr. og er þar að stærstum hluta um að ræða innlausn ríkisbréfaflokka á gjalddaga í júní að fjárhæð 70,7 ma.kr.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Skatttekjur og tryggingagjöld	228 049	240 703	196 972	12,7	5,5	-18,2
Skattar á tekjur og hagnað	86 649	95 186	84 334	18,6	9,9	-11,4
Tekjuskattur einstaklinga	50 245	53 764	46 453	12,5	7,0	-13,6
Tekjuskattur lögaðila	14 604	15 418	9 161	1,2	5,6	-40,6
Skattur á fjármagnstekjur	21 800	26 004	28 721	55,7	19,3	10,4
Eignarskattar	6 403	5 082	2 874	10,3	-20,6	-43,4
Skattar á vöru og þjónustu	108 058	111 075	83 596	8,6	2,8	-24,7
Virðisaukaskattur	76 422	79 607	56 403	11,0	4,2	-29,1
Vörugjöld af ökutækjum	5 838	5 940	1 192	-16,0	1,7	-79,9
Vörugjöld af bensini	5 318	5 157	5 844	3,2	-3,0	13,3
Skattar á olíu	3 867	4 032	3 637	11,8	4,3	-9,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6 672	6 768	7 653	4,5	1,4	13,1
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	9 942	9 571	8 867	13,6	-3,7	-7,4
Tollar og aðflutningsgjöld	3 262	3 878	2 776	32,8	18,9	-28,4
Aðrir skattar	1 145	1 532	1 701	166,3	33,9	11,0
Tryggingagjöld	22 531	23 949	21 690	6,8	6,3	-9,4
Fjárframlög	562	207	350	225,6	-63,1	68,8
Aðrar tekjur	17 539	21 053	28 996	38,6	20,0	37,7
Sala eigna	6 848	2 200	427	-	-	-
Tekjur alls	252 998	264 163	226 745	17,4	4,4	-14,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	29 527	35 699	59 585	20,9	66,9
Þar af vaxtagreiðslur	10 106	11 696	34 060	15,7	191,2
Varnarmál	353	684	891	93,9	30,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	9 302	11 545	13 687	24,1	18,6
Efnahags- og atvinnumál	26 037	34 185	36 910	31,3	8,0
Umhverfisvernd	2 166	2 229	2 430	2,9	9,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	256	308	365	20,4	18,4
Heilbrigðismál	53 168	58 817	66 428	10,6	12,9
Menningar- íþróttar- og trúmál	9 408	10 156	11 355	8,0	11,8
Menntamál	23 072	25 593	28 330	10,9	10,7
Almannatryggingar og velferðarmál	45 372	52 881	81 516	16,5	54,2
Óregluleg útgjöld	5 164	4 964	7 139	-3,9	43,8
Gjöld alls	203 826	237 062	308 636	16,3	30,2